



Fréttatilkynning  
07 November 2023 09:00:00 GMT

## Íslandsbanki hf: Breyting á framkvæmdastjórn

Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, framkvæmdastjóri Einstaklingssviðs Íslandsbanka, hefur sagt starfi sínu lausu. Hún hefur starfað hjá bankanum frá árinu 2017. Sigríður Hrefna mun starfa hjá bankanum næstu vikur og vera bankastjóra innan handar þar til ráðið verður í starfið.

### Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka:

„Sigríður Hrefna hefur átt sex farsæl ár í bankanum þar sem hún hefur leitt Einstaklingssvið bankans og verið lykilmáður í að byggja upp stafræna vegferð bankans. Bankaþjónusta hefur breyst mikið á þessum árum og hefur Sigríður Hrefna verið kraftmikill leiðtogi í því að þróa bankaþjónustu með nútímalegum og hagkvæmum hætti. Við þökkum Sigríði fyrir einstaklega gott samstarf og óskum henni velfarnaðar í nýju starfi“.

### Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

### Um Íslandsbanka

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

### Viðhengi

[Íslandsbanki hf: Breyting á framkvæmdastjórn](#)